

Óspillt, óspilltara

gagnabanka, vildi nýrrik, skipulögð glæpastarfsemi koma útlægum einförum fyrir kattarnef. Þeir voru fyrir.

Mann hefur löngum litið á fjórða áratuginn sem frjósaman jarðveg. Á 9. áratugnum skrifaði hann handrit um Alvin Karpis, bankaræningja frá Chicago sem var gjarnan á sömu slóðum og Dillinger. (Hann kemur fram í *Public Enemies*, leikinn af Giovanni Ribisi.) Það var aldrei kvikmyndadæm en Mann fékk aftur áhuga á tímabilinu eftir lestur *Public Enemies*, bókar eftir Bryan Burrough. Hjólin fóru að snúast, Mann fékk Bennett til að skrifa fyrstu handritsdrögin, sem er athyglisvert því Bennett var sem ungur maður, velunnari IRA og sat um tíma í fangelsi af þeim sökum.

Myndin malar Dillinger í drungalegum, forlagatrárlegum litum. Þó hann ætti í tilfinningalegu sambandi við stúlkuna í Chicago (Marion Cotillard), hanga jafnan þrumský skapanormanna yfir þessum nafntogaða ógæfumann, sem veit að hann lifir það ekki að þurfa að hafa áhyggjur af morgundeginum. Hann er jafnframt vinsæl goðsögn. Þegar bóndi býður honum nokkra dali undir miðju bankaráni svarar Dillinger sem svo: „Við erum ekki á höttunum eftir peningunum þínum, heldur bankans.“

Mann sér í Dillinger heillandi hetja og útlaga, e.k. Hróa hött sem náði til fólksins undir álagi kreppunnar miklu. Réðst gegn stofnunum sem gerðu líf þess óberilegt – bönkunum, og lék á yfirvöldin sem gátu ekki lagfært vandann sem fylgdi kreppunni, fullur af þrótti. Þegar hann brýst út úr hinu „örugga“ Crown Point-fangelsi, stal hann ekki einhverjum bíl heldur glæfyrri skruugukerri fögetans: átta gata Ford og skrifaði Henry Ford bréf þar sem hann upplýsti bílakönginn um að hann stæli ekki öðrum tegundum.

Depp sem Dillinger

Þegar handritið var að verða tilbúið hafði Mann Johnny Depp einan í huga til að fara með hlutverk Dillingers. Vissi að leikarinn var ósmeykurur við að taka áhættu og gæti sett sig í sporin hans, gert eitthvað tilfinningaríkt og geislandi. Þegar hann fór að lesa yfir handritið nokkru áður en kvikmyndatökur hófust fór leikstjórinn að greina röðina sem hann heyrði í kollinum þegar hann var að semja það. Björninn var unninn.

Fréttir bárust um að ekki væri allt dans á rósum á tókustað. Depp var vanur því að hlutirnir genu eins og nýsmurur væl undir handarjafri Gores Verbinski við gerð myndanna þriggja um sjóræningja Karibahafsins. Átti erfið með að aðlagast sérviskulegum áætlanum og aðferðum Manns, sem voru þess valdandi að Depp var oft að bíða eftir næstu línun handritsins tímunum saman.

Það hjálpaði hinum 46 ára gamla leikara í baráttunni við að komast inn fyrir skinníð á þjóðaróvini nr. 1, að hann er vanur að umgangast skotvopn frá barnæsku, komst jafnvel yfir Thompson-vélbyssu um fermingu. Hann var einnig goðvinur annars Thompsóns, þ.e. blaðamannsins og rithöfundarins Hunter S., og lék hann sem kunnugt er í *Fear and Loathing in Las Vegas*. Næsta mynd sem verður frumsýnd með Depp er að öllum líkindum kvikmyndagerð *Rum Diary*, sem einnig var skrifuð af Thompson.

Líkt og leikstjórinn er Depp kunnur fyrir sérvirtingshátt og er gott ef ekki sá eini af ofurstjórnun samtímans sem hefur ekki skotið sig upp á stjórnuhimininn í áttakamyndum.

Fleiri gæðaleikarar en þeir sem hafa verið nefndir til sögunnar koma við sögu *Public Enemies*, m.a. James Russo, Stephen Dorff og Channing Tatum, sem leikur Pretty Boy Floyd. Lili Taylor fer með hlutverk fögeta úti á landsbyggðinni, Christian Bale leikur Melvin Purvis, hægri hönd J. Edgars Hoover (Billy Crudrup), í Chicago.

Á hljóðrásinni fáum við að heyrja í listamönnum á borð við Billie Holiday (*I'm Blue*), Diónu Krall (*Bye, Bye Blackbird*), og Blind Willie Johnson syngur blísinn með sínu nefi, og þá er aðeins fátt eitt talið sem gleder auga og eyru, enda verið að fjalla um verk eftir Michael Mann.

Eftir Ingvar Örn Ingvarsson
ingvarorn@mbl.is


Það er talsvert mikið horft til tækifæra í ferðaþjónustu nú þegar það er skyndilega orðið hagstætt fyrir ferðamenn að sækja Ísland heim. Skýringarnar á auknum vinsældum Íslands eru aðallega hagstæð gengisþróun hvað ferðamenn varðar en einnig hefur Ísland notið gríðarlegar athygli síðustu mánuðina þó ekki hafi hún alltaf verið á jákvæðu nótnum. En eins og oft er sagt þá er slæm athygli betri en engin og það virðist einmitt vera tilfelli núna.

Einn þeirra sem hafa nýtt sér þessar auknu vinsældir Íslands er Íslandsfarinn Ramon Larramendi frá Spáni en hann rekur um þessar mundir ferðaþjónustufyrirtækið Tasermiut á Grænlandi í Qassiaruk. Ramon er vel kunnugur Íslandi enda kviknaði áhugi hans á norðlægum slóðum í leiðangri hans hér á landi.

Gekk yfir Ísland

Ramon fór í sína fyrstu ævintýraferð þegar hann var 19 ára gamall, árið 1985, og varð Ísland fyrir valinu. Ramon segir að á Íslandi hafi fólk ekki verið hrifnið af því sem hann og félagar hans hugðust gera enda um nokkuð erfiðt og áhættusamt ferðalag að ræða. „Við fórum frá Húsafelli yfir Langjökul, Hofsjökul og Vatnajökul á skíðum og stóð ferðalagið yfir í apríl og maí. Þetta var sem sagt nokkuð stór ferð og nutum við aðstoðar göðs fransk-íslensks vinar við skipulagningu ferðarinnar. Ferðin gekk vel og þetta leiddi til þess að ég fór á fullu í heimskaufarferðir. Þetta var í fyrsta skipti sem ég ferðaðist utan Spánar og ég bara féll fyrir þessu umhverfi. Með þessu móti get ég í rauninni nýtt kosti beggja landsvæðanna, hlýjuna á Spáni og Norður-Evrópu fyrir kuldann.“

Ramon hefur verið iðinn við ævintýraferðir síðan fyrsta íslenska hálendisferðin kveikti í honum. „Ég hef farið í þrjá stóra leiðangra síðan. Ég fór með kajak og hundasleða frá Suður-Grænlandi til Suður-Alaska og fór ég 14 þúsund kílómetra á þessu þriggja ára



Morgunblaðið/Góll

Ævintýri Ramon Larramendi smitaðist af íslenski náttúru þegar hann fór 19 ára í skíðaferðalag yfir hálendið. Hann rekur núna ferðaþjónustu í Qassiaruk á suður-Grænlandi og skilar rekturinn Íslandi mörgum spænskum ferðamönnum sem hafa viðdövl á Íslandi á leið sinni til Grænlands.

ferðalagi til dæmis. Sú ferð var upphaf þess að ég stofnaði ferðaþjónustufyrirtæki á Grænlandi. Ég lærði tungumálið og kynntist fólkinu og hvernig hlutirnir ganga á Grænlandi. Grænland er nefnilega nokkuð sérstakur staður. En þetta var stærsti leiðangurinn og þá ferð kláraði ég 1993. Það var birt grein um þessa ferð í *National Geographic* í janúar 1995. Ég hef líka farið á suðurskaftið, t.d. 2005 fór ég 4500 kílómetra á austur-

heimskaftinu, siglandi í það skiptið.“

Mikilvægt fyrir Ísland, nauðsynlegt fyrir Grænland

Ramon hefur rekið ferðaþjónustu á Grænlandi í 10 ár og er stærsti vörp viðskiptamanna hans Spánverjar og hafa þeir nánast undantekningarlaust viðdövl á Íslandi á leið sinni til Grænlands. Ramon segir að fyrstu árin hafi verið flogið frá Kaupmannahöfn til Græn-

lands en eftir að Flugfélag Íslands fór að bjóða flug til Grænlands hafi viðskiptin aukist verulega.

„Það hefur verið mikill vöxtur. Fólk vill miklu frekar eyða nokkrum dögum á Íslandi og fara svo til Grænlands, heldur en að fljúga bara til Grænlands. Þá er verðið líka mjög hagstætt og var það reyndar líka fyrir kreppuna. Núna er Ísland hinsvegar enn ódýrara. Það er dæmigert að fólk stoppi fjóra til fimm daga á Íslandi og fljúgi svo áfram til Grænlands“ segir Ramon.

Það er orðið mjög auðvelt að komast til Grænlands segir Ramon en áður var miklu minna um ferðir auk þess sem þær voru dýrari. Þá eru einskonar samlegðaráhrif í því að ferðamenn sem vilja fara til Íslands, eru líka líklegir til að vilja fara til Grænlands og öflugt. Þegar farið er í gegnum Kaupmannahöfn er hinsvegar ólíklega að ferðamenn á leið þangað vilji líka fara í öðrlita náttúru Grænlands enda aðdráttarál Danmerkur og Grænlands mjög ólíkt.

„Það eru hrænar línur að fyrir Suður-Grænland eru þessar flugferðir frá Íslandi algjörlaga nauðsynlegar. Það eru fáir sem búa þarna og það er mikil nauðsyn að hafa þetta flug. Þetta er sem sagt alveg nauðsynlegt fyrir Grænland og líka gott fyrir Ísland. Það eru fleiri hundruð sem nýta sér þetta að auki, að eyða nokkrum dögum bæði á Íslandi og Grænlandi. Yfir háannatímann eru flugvélarnar einniglega alveg fullar í hverju flugi. Við erum mjög ánægðir með Íslendingana því þeir gera okkur lífið mjög létt. Þeir eru með tveir flugferðir á dag og þær eru mestmegnis fullbokaðar í hvert skipti.“

Ramon segir hinsvegar að lítið sé um íslenska viðskiptavinna hjá honum þó einhverjir komi í gistiheimilið. „Í þakkaferðirnar höfum við ekki fengið neina Íslendinga. Þeir sækja í veiðiferðirnar og við erum ekkert í þeim.“

Vinsælustu ferðirnar hjá Ramon eru t.d. ferðir yfir jökulhettuna, 100 kílómetra túr sem mætti líkja við skíðagöngu yfir Vatnajökul. Ramon segir Spánverjana líka sækja mikið í kajakferðirnar en margir vilji líka bara komast út í náttúruna og vera einhver stundar langt í burtu frá allri siðmenningu.

EFTIRSÓTT SVÆÐI

Flugfélag Íslands hóf að fljúga til Nuuk 2008 og 2007 var tryggt flug til Narsarsuaq í að minnsta kosti þrjú ár fyrir tilstilli samgönguráðuneytisins.

Flugfélag Íslands er í dag með fimm áfangastaði á Grænlandi og að sögn Inga Þórs Guðmundssonar, forstöðumanns sölu- og markaðsviðs, gengur flugið mjög vel. „Við höfum verið að fljúga til Grænlands í mjög langan tíma en það var 2007 sem opinnir styrkir komu að þessu flugi og var það gert til að tryggja samgöngur milli Suður-Grænlands og umheimsins“ segir Ingi Þór.

„Við fljúgum til Narsarsuaq, Nuuk, Ilulissat (Jakobshavn), Kulusuk og Constable Point og því fljúgum við núna til fimm áfangastaða. Það er nú þegar orðið uppselt til Ilulissat og við vorum með 90% af ferðunum selt áður en við byrjuðum að fljúga. Það er gríðarleg eftirspurn frá erlendum höpum og það eru aðallega erlendir ferðamenn sem fara í þessar ferðir, sérstaklega bakpakafólk og almennir náttúruendur. Hlutur Spánverja er mjög vaxandi í þessu og þeir eru um 40% af kunnahöpunum hjá okkur eins og er.“

Ingi Þór segir Grænlandsferðirnar vera mikinn vaxtabrodd hjá Flug-



Morgunblaðið/Rax

Heillandi Vinsældir Grænlands sem áfangastaðar hafa aukist verulega. Auðveldast er að komast til Grænlands frá Íslandi og höfða bæði löndin mikið til erlendra ferðamanna sem iðulega eyða nokkrum dögum á báðum stöðum.

félagi Íslands og þá séu mikil tækifæri fyrir íslenska ferðaþjónustu að selja ferðir til Grænlands þannig að ferðast á Íslandi með meira notað sem tengimidstöð. „Við erum með dagsferð til Kulusuk og það er ein stærsta dagsferðin okkar. Flugló er bara einn

og hálfur tími frá Reykjavík og þá er maður kominn í inuitbörp á Grænlandi. Það er mikið af fólkum sem er að ferðast á Íslandi sem slær til og fer í svona dagsferðir. Núna í júlí erum við stundum að fara með fjórar Fokkerflugvélar á dag til Kulusuk í eins-

konar Kodak-ferðir. Þetta er átta tíma ferð og fólk hefur þá um fjóra tíma á staðnum í skóðunarferð.“

Dagsferð til Kulusuk kostar \$1.150 krónur og þykir erlendum ferðamönnum ferðirnar gefa mikil gæði fyrir höflegt verð.